

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 37/98  
frá 30. apríl 1998**

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á  
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með  
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir  
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.  
14/98 frá 6. mars 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra  
starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 29. lið (tilskipun ráðsins 94/33/EB) í XVIII. viðauka við  
samninginn:

„30. **396 L 0071**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB frá 16. desember 1996  
um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu (Stjtið. EB nr. L 18,  
21. 1. 1997, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 18, 21. 1. 1997, bls. 1.

Í 10. mgr. 3. gr. lesist orðið „sáttmáli” sem „EES-samningur”.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/71/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbato

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner